

Ár 2013, föstudaginn 15. nóvember, er á dómþingi Héraðsdóms Reykjaness, sem háð er að Fjarðargötu 9, Hafnarfirði, kveðinn upp í máli nr. S-694/2013:

Ákærvaldið

(Stefanía G. Sæmundsdóttir settur saksóknari)

gegn

Björgvini G. Hallgrímssyni

(Jón Magnússon hrl.)

og

Úlfari Þór Birgissyni Aspar

(Garðar Vilhjálmsson hdl.)

svofelldur

d ó m u r :

Mál þetta, sem þingfest var 12. september sl. og dómtekið 6. nóvember sl., er höfðað með ákæru ríkissaksóknara á hendur ákærða, Björgvini G. Hallgrímssyni, kt. 000000-0000, Fífumóa 13b, Reykjanesbæ, og Úlfari Þór Birgissyni Aspar, kt. 000000-0000, Reykjanesbæ, þannig:

I.

Gegn ákærðu báðum fyrir stórfellt fíkniefnalagabrot, með því að hafa, laugardaginn 26. janúar 2013, staðið saman að innflutningi á samtals 2.388,50 g af amfetamíni, sem unnt er að framleiða um 12.325,6 g af efni úr miðað við 5,6% meðalstyrkleika, til landsins frá Berlín í Þýskalandi, til söludreifingar í ágóðaskyni hér á landi, svo sem nánar er rakið í 1.-2. tölulið:

1. Ákærði Björgvin hafði milligöngu um að fá meðákærða Úlfar Þór til verksins, veitti honum leiðbeiningar um ferðatilhögun og fyrirmæli um innflutning fíkniefnanna, afhenti meðákærða Úlfari umslag með farsíma og reiðufé og greiddi farmiða hans með greiðslukorti sínu þann 16. janúar 2013.

2. Ákærði Úlfar fór til Berlínar í Þýskalandi í því skyni að flytja fíkniefnin til Íslands, fór þaðan til Hollands og móttók fíkniefnin og flutti til landsins sem farþegi með flugi X9126 frá Berlín, Þýskalandi. Fíkniefnin fundu tollverðir falin í botni á ferðatösku ákærða við komu hans til Keflavíkurflugvallar laugardaginn 26. janúar 2013.

Telst þetta varða við 173. gr. a almennra hegningarlaga nr. 19/1940.

II.

Gegn ákærða Úlfari fyrir fíkniefnalagabrot, með því að hafa fimmtudaginn 14. febrúar 2013 að Hólabraut 9, Reykjanesbæ, haft í vörslum sínum 25,30 g af amfetamíni sem lögreglan fann við leit.

Telst þetta varða við 2., sbr. 5. og 6., gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, sbr. lög nr. 13/1985 og lög nr. 68/2001, og 2. gr., sbr. 14. gr., reglugerðar um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni nr. 233/2001, sbr. reglugerð nr. 848/2002.

III.

Þess er krafist að ákærðu verði dæmdir til refsingar og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Þess er krafist að öll ofangreind fíkniefni verði gerð upptæk, samkvæmt heimild í 6. mgr. 5. gr. laga um ávana- og fíkniefni nr. 65/1974, og 2. mgr. 14. gr. reglugerðar nr. 233/2001 um ávana- og fíkniefni og önnur eftirlitsskyld efni.

Við þingfestingu málsins játaði ákærði Úlfar sinn þátt í ákærinni en neitaði því að ákærði Björgvin hefði haft milligöngu um að fá meðákærða Úlfar til verksins. Þá játaði ákærði háttsemi í ákærulið II.

Ákærði Björgvin neitaði sök fyrir dómnum en játaði að hafa haft milligöngu að beiðni meðákærða og látið berast að meðákærði vildi fara í umrædda ferð, auk þess sem hann hafi afhent ákærða umslag með gögnum í. Hófst aðalmeðferð þann 18. september sl. en var framhaldið þann 6. nóvember sl. og var málið dómtekið að henni lokinni.

Málsatvik.

Samkvæmt skýrslu lögreglu var ákærði Úlfar stöðvaður af tollgæslunni við heimkomu frá Berlín í Þýskalandi aðfaranótt 26. janúar sl. Fundust falin fíkniefni í töskubotni ferðatösku hans. Játaði ákærði strax að vera með fíkniefni í fórum sínum og hafi hann ætlað að græða peninga á þeim á skjótan hátt. Var ákærði Úlfar handtekinn og úrskurðaður í gæsluvarðhald í framhaldi, fyrst til 8. febrúar síðan framlengt til 22. febrúar, aftur til 8. mars og loks til 5. apríl sl.

Við rannsókn á fíkniefnunum kom í ljós að styrkur amfetamínbasa var 57-62%, sem samsvaraði 78-84% af amfetamínsúlfati. Þá var metið af Rannsóknastofu Háskóla Íslands að hægt væri að framleiða úr 2.388,5 g 12.325,6 g af amfetamíni miðað við 5,8% styrkleika efnisins, en miðað var við neyslustyrkleika samkvæmt rannsókn sem gerð var árið 2007 á efnunum sem haldlögð voru á Íslandi á árunum 2005 og 2006 og voru þau efni að meðaltali 5,8% að styrkleika. Þá var gert ráð fyrir því að efnin væru þynnt með óvirku dufti, eins og t.d. laktósa, og að ekkert færi til spillis í aðgerðinni. Matsgerðir þessar hafa ekki verið vefngdar.

Ákærðu unnu saman og voru vinir til margra ára.

Skýrslur fyrir lögreglu.

Ákærði Úlfar játaði sök í fyrstu yfirheyrslu hjá lögreglu. Sagðist hann hafa ætlað að selja fikniefnin hér á landi til að koma sér út úr kreppu. Hann hafi ætlað að selja öll efnin í einu lagi. Lýsti ákærði ferðalagi sínu til Berlínar og þaðan til Hollands þar sem hann keypti efnin og fór aftur til Berlínar og flaug þaðan til Íslands. Kvaðst Úlfar hafa greitt 4.000 evrur fyrir efnin og hafi hann safnað þeim áður en hann fór út auk þess sem hann hafi keypt tæpar 2.000 evrur í gjaldeyri hjá Landsbankanum. Kvaðst hann hafa keypt evrur á svörtum markaði, fengið evrur þar sem hann vann og fengið einhverja peninga að láni. Vildi hann ekki nafngreina þá sem lánuðu honum fé, en til hafi staðið að endurgreiða þeim með góðum hagnaði. Þá upplýsti Úlfar að hann hafi fengið að nota greiðslukort vinar síns og vinnufélaga, Björgvins G. Hallgrímssonar, til að kaupa farmiðana þar sem hann væri ekki með greiðslukort og hafi hann borgað Björgvini strax með reiðufé andvirði miðanna.

Í yfirheyrslunni 5. apríl sl. hjá lögreglu kvaðst Úlfar hafa verið orðinn leiður á peningaleysinu og beðið Björgvin um að láta það orð berast að hann væri tilbúinn að fara utan og sækja fikniefnatösku. Tveimur vikum síðar hafi Björgvin komið til hans og spurt hvenær hann væri tilbúinn að fara og í framhaldi hafi Björgvin keypt farmiða fyrir Úlfar til Berlínar þann 18. janúar sl. Úlfar kvaðst hafa fengið umslag með síma, peningum og fyrirmælum um innflutninginn. Úlfar vildi hins vegar ekki greina frá því hvernig hann fékk umslagið í hendurnar. Í umslaginu hafi verið evrur, norskar og danskar krónur og 350.000 krónur sem hann hafi átt að kaupa evrur fyrir sem gjaldeyri. Taldi Úlfar að hann hafi verið með um samtals 10-12.000 evrur. Lýsti hann síðan ferðalagi sínu til Berlínar og þaðan til Groningen í Hollandi samkvæmt fyrirmælum og innritaði sig þar inn á hótél Martini. Þar hafi hann fengið SMS um að maður myndi hitta hann á hótélbarnum á tilgreindum tíma. Þar hafi hann afhent manningnum peningaumslagið og ætlaði sá að hafa samband við Úlfar þegar taskan væri tilbúin. Úlfar hafi svo fengið skilaboð frá manningnum á sunnudagskvöldinu og þeir hist í húsasundi. Í framhaldi hafi hann farið til Berlínar og síðan heim til Íslands. Kvaðst hann ekki vita hverjum hann hafi verið að þjóna með þessum innflutningi og þannig hafi hann viljað hafa það. Hann hafi átt að fá 15-20% af sendingunni sem átti að skila honum um tveimur til þremur milljónum króna. Kvaðst Úlfar ekki hafa vitað nákvæmlega hversu mikið magn hann var með en hafi talið að það væru um tvö kíló. Þá kvaðst hann hafa vitað að um sterkt efni var að ræða. Þá kvað Úlfar miða með leiðbeiningum, sem lögregla fann við húsleit heima hjá honum, hafa verið í umslaginu sem hann fékk áður en hann fór í ferðina. Úlfar kvaðst aldrei hafa hitt né verið í öðrum samskiptum við manningnum sem Björgvin talaði við og hafi hann lagt málin í hendurnar á Björgvini og treyst honum. Kvað hann framburð Björgvins um að hann hafi fundað með þessum manni í Reykjavík ekki vera réttan. Sagði Úlfar við skýrslutökuna að Björgvin hafi sagt honum að best væri fyrir hann að fara til Hollands og þá til Groningen. Þá hafi Björgvin sagt honum að kaupa farmiða og allt yrði borgað. Þá hafi Björgvin hringt í hann um kvöldmatarleytið daginn áður en hann fór út og beðið hann um að koma heim til hans. Þar hafi Björgvin afhent honum umslag með fullt af peningum, síma og leiðbeiningum. Þar hefði Björgvin sagt honum að fara heim og hlaða símann og setja á hann viðbótarfrelsi. Þeir hefðu rætt saman um leiðbeiningarnar í umslaginu og að hann hefði lesið þær heima hjá Björgvini og að Björgvin hefði verið við hliðina á sér þegar hann gerði það.

Í byrjun rannsóknar hafði ákærði Björgvin réttarstöðu vitnis. Staðfesti hann þá framburð Úlfars og kvaðst hafa lánað honum kortið til að kaupa farmiða sem Úlfar hefði svo greitt honum til baka með peningum. Kvað hann þá hafa verið vinir sl. tuttugu ár. Sagði hann að Úlfar hefði ákveðið með þriggja daga fyrirvara að fara út í tilefni af afmæli hans og gera sér glaðan dag. Björgvin hafi ekki haft neina vitneskju um þennan fíkniefnainnflutning. Björgvin hafi ekið Úlfari í flug og hafi einnig ætlað að sækja hann þegar hann kæmi til baka. Taldi Björgvin að Úlfar hefði ekki fjárhagslegt bolmagn til að fjármagna stór fíkniefnakaup. Í kjölfar skýrslutöku af Úlfari fékk Björgvin réttarstöðu sakbornings og í annarri skýrslutöku af honum viðurkenndi Björgvin að hafa verið milligöngumaður á milli Úlfars og aðila sem stóð fyrir innflutningnum. Vildi Björgvin ekki nafngreina þann aðila. Kvað hann það rétt vera hjá Úlfari að Björgvin hafi látið orð út berast að Úlfar væri tilbúinn að fara utan í fíkniefnakaup. Björgvin hafi hringt í mann í Reykjavík og komið á fundi með honum og Úlfari, líklega þremur til fjórum vikum áður en Úlfar fór út. Þeir hafi fundað í 30 til 60 mínútur og hafi Björgvin ekki verið viðstaddur fundinn. Björgvin hafi í framhaldi verið í símasambandi við manninn og maðurinn og Úlfar hafi einnig verið í sambandi. Maðurinn hafi látið sig fá umslag sem hann átti að koma til Úlfars og hafi Úlfar komið heim til sín stuttu síðar og sótt umslagið.

Í yfirheyrslu þann 4. apríl sl. lýsti Björgvin því að hann hafi ekið Úlfari á heimili X og farið í burtu sjálfur á meðan þeir ræddu saman. Var þessi framburður Björgvins borinn undir Úlfar þann 5. apríl og kannaðist Úlfar ekkert við þetta og neitaði því.

Við rannsókn á símagögnum milli síma Úlfars og Björgvins kom fram að þeir voru í símasambandi á þeim tíma er Úlfar var erlendis, þ.e. frá 18. til 25. janúar sl.

Skýrslur fyrir dómi.

Ákærði Úlfar kom fyrir dóminn og kvaðst játa sinn hluta málsins en hann hafi ekki komið með efnin til að selja þau eða dreifa. Ástæða þess að hann hafi farið til Berlínar hafi verið peningaleysi. Hann væri áfengis- og fíkniefnaneytandi en hefði verið búinn að vera edrú í sjö ár en fallið. Hann hafi látið það berast að hann væri tilbúinn til að fara út og sækja efni. Kvaðst hann sjálfur hafa átt hugmyndina að ferðinni en hún hafi kviknað einhverjum mánuðum áður. Það hafi verið í desember 2012, sem hann bað meðákærða Björgvin að kanna hvort hann þekkti ekki einhvern. Hann hafi „svona rætt þetta og ekki rætt“ og beðið hann um þetta en Björgvin reynt að telja hann ofan af hugmyndinni. Úlfar kvaðst ekki vita hvernig Björgvin hafi látið það berast að hann væri tilbúinn að fara út. Milli jóla og nýjárs hafi Björgvin ekið sér til Reykjavíkur á heimili þriðja manns og Björgvin skilið sig eftir þar og sótt sig nokkru síðar. Úlfar hafi því allan tímann vitað fyrir hvern hann var að fara í ferðina. Maðurinn hafi boðið Úlfari að velja sjálfur hvert hann vildi fljúga og hafi Úlfar talið best að fara til Berlínar. Þá hafi komið fram í samtölum hans við þennan mann að fíkniefnin væru í Hollandi. Hann hafi fengið skilaboð í síma sem hann fékk hjá mannum þegar hann lenti í Berlín og lét sig vita að hann ætti að taka lestina daginn eftir til Gronigen í Hollandi. Úlfar hafi síðan hitt mann í Hollandi á laugardagskvöldinu og afhent honum peningana og síðan hafi hann komið með töskuna á sunnudagskvöldinu. Aðspurður kvaðst hann hafa vitað að hann ætti að sækja milli tvö og þrjú kíló af amfetamíni. Úlfar hafi síðan átt að fara heim til sín þegar hann kæmi til landsins en Björgvin hafi ætlað að sækja hann á flugvöllinn.

Aðspurður kvaðst Úlfar hafa fengið poka með umslagi sem innihélt peninga, síma og leiðbeiningar. Þar hafi hann fengið fyrirmæli um að hlaða símann en kveikja ekki á honum fyrr en hann væri kominn út. Þá hafi verið gjaldeyrir í umslaginu, evrur, norskar og danskar krónur auk 350.000 króna í íslenskum peningum. Fyrirmæli hafi verið um það hvernig hann ætti að nota peningana, hvað væri fyrir upphaldi og hvað fyrir fikniefnin. Spurður að því hvers vegna hann hafi sótt umslagið heim til Björgvins, kvaðst Úlfar hafa beðið þennan mann um að koma gögnunum heim til Björgvins þar sem hann hafi ekki viljað fá þetta heim til sín en hann byggi með aldraðri móður sinni. Björgvin hafi síðan hringt í sig og Úlfar farið heim til hans og tekið pakkann, farið heim til sín og hlaðið símann. Kvaðst Úlfar ekki hafa skoðað miðann og fyrirmælin heima hjá Björgvini og kvaðst ekki muna hvort hann hafi rætt þau við hann.

Úlfar kvaðst ekki hafa verið með kreditkort á þessum tíma þar sem kortið hafi verið í bankanum og þeir Björgvin unnið saman svo hann hafi beðið Björgvin að lána sér kortið sitt. Daginn sem hann flaug út hafi hann fengið kreditkortið sitt afhent úr bankanum. Hann hafi greitt Björgvini til baka um 40.000 krónur í peningum.

Aðspurður um þátt meðákærða Björgvins, eins og honum er lýst í ákæru, kvað Úlfar það rétt að hann hafi sótt peningana og fleira til Björgvins en Björgvin hafi vel vitað um hvað málið snerist og hafi reynt að letja hann til fararinnar. Úlfar kvaðst ekki rengja niðurstöður matsgerða Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði sem liggja fyrir í málinu.

Ákærði Úlfar kvaðst hafa viljað hylja slóð sína og tengingu við þann mann sem hann fór fyrir út og þess vegna fengið Björgvin til að taka við upplýsingum frá honum og koma þeim til sín. Þá kvaðst Úlfar hafa vitað fyrir hvern hann fór út en vildi ekki upplýsa hver það væri.

Aðspurður um framburð sinn hjá lögreglu um að hann nefni eingöngu meðákærða Björgvin en ekki X, kvaðst hann hafa verið búinn að vera í gæsluvarðhaldi og einangrun lengi og því hafi hann gefið Björgvin upp þar sem lögreglan vissi að hann hefði keypt flugmiðann. Þá kvaðst Úlfar ekki hafa beðið X um að koma peningum og gögnum til Björgvins, hann viti ekkert hvers vegna hann fór með gögnin til hans. Hann hafi bara ekki viljað fá gögnin heim til sín. Hann hafi engin fyrirmæli gefið og bara hugsað að ekki væri hægt að tengja þennan mann við sig. Það hafi ekkert verið rætt hvernig hann ætti að koma þessu til Úlfars. Það segi sig kannski sjálft að maðurinn hafi farið með gögnin til Björgvins þar sem Björgvin hafi keyrt Úlfar til hans í upphafi. Aðspurður um það að hann hafi svarað því fyrr í yfirheyrslunni að hann hafi beðið manninn um að fara með gögnin til Björgvins, kvaðst Úlfar hafa beðið manninn um að koma þessu ekki til sín.

Úlfar kvað Björgvin ekki hafa skipulagt ferðina á neinn hátt, hann hafi latt sig til ferðarinnar og eingöngu sinnt beiðni sinni um að finna skipuleggjanda fyrir sig. Kvað ákærði Úlfar framburð sinn allan hjá lögreglu vera þvælu og eitthvert rugl. Þá hafi hann sagt rangt frá hjá lögreglu að hann hafi farið yfir ferðatilhögun með Björgvini áður en hann fór út til Berlínar. Þá hafi hann sagt rangt í lögregluskýrslu að hann hafi ekki vitað fyrir hvern hann fór í ferðina, hann hafi alla tíð vitað það en lofað þeim manni að upplýsa ekki um aðild hans. Kvað hann rétt að

Björgvin hafi vitað að hann færi til Groningen en ekkert um það hvar hann myndi gista, hann hafi valið hótelið sjálfur. Kvað hann frásögn sína hjá lögreglu 5. apríl sl. um aðild Björgvins vera rugl, hann hafi fengið leiðbeiningarnar og fyrirmælin frá X en ekki Björgvini. Hann hafi bara verið að búa til eitthvert bull, hann hafi verið að reyna að halda X frá málinu. Miðinn sem sé í málinu séu einu leiðbeiningarnar sem hann hafi fengið fyrir utan að hann og X hafi verið búnir að ræða þetta þegar þeir hittust en þeir hafi ekkert útlistað þetta frekar. Ákærði kvaðst aldrei hafa nefnt X í yfirheyrslum hjá lögreglu til að halda aðild hans leyndri. Ákærði kvað framburð sinn í lögregluskýrslu skýrast af því að hann langaði að losna úr gæsluvarðhaldi, hann hafi verið í einhvers konar losti og verið búinn að keyra í gegnum bæinn sinn á leið í yfirheyrsluna. Hann hafi verið kominn út í horn og verið búinn að spinna upp alls konar sögur.

Ákærði Björgvin kom fyrir dóminn og kvaðst ekkert hafa komið að fíkniefnainnflutningnum utan að hafa komið Úlfari í kynni við X. Úlfar hafi ítrekað beðið sig um að koma sér í samband við þennan mann í þeim tilgangi að koma með eitthvað inn til landsins. Björgvin hafi ekki viljað vita hvað það væri, sem ákærði ætlaði að koma með til landsins, en hafi getað gert sér grein fyrir því í hvaða tilgangi ferðin var farin. Björgvin hafi hringt í manninn og síðan ekið Úlfari heim til hans. Aðspurður sagði hann manninn hafa gert sér grein fyrir tilgangi með fundinum en hann hafi ekki verið ræddur í orðum. Úlfar hafi byrjað að ræða þetta við sig um hálfu ári áður en farið var. Hann hafi síðan kynnt þá tvo um tveimur vikum eða mánuði áður en ferðin var farin. Aðspurður kvað hann manninn hafa síðan birst hjá sér með umslag og beðið sig um að koma umslaginu til Úlfars. Hann hefði spurt Úlfar að því seinna hvers vegna X kæmi til sín og hafi Úlfar sagt sér að hann vildi ekki fá X heim til sín þar sem hann byggi með móður sinni. Kvaðst Björgvin vel hafa getað getið sér til um hvað var í umslaginu, það hafi örugglega verið aurar og upplýsingar og gæti verið að sími hafi verið í því líka. Úlfar hafi ekki opnað umslagið að sér viðstöddum, þeir hafi ekkert rætt um þetta og Björgvin hafi ekki viljað vita neitt um ferðina þar sem hann gat vitað í hvaða tilgangi Úlfar fór. Úlfar hafi beðið sig um að lána sér kreditkort til að kaupa flugmiðann þar sem kort Úlfars var fast í banka. Úlfar hafi greitt sér aftur til baka daginn eftir um fjörutíu þúsund krónur. Þá hafi Björgvin ekið Úlfari út á flugvöll og þeir rætt um það að Björgvin myndi sækja hann aftur þegar Úlfar kæmi til landsins.

Björgvin kvað einu samskipti hans hafa verið að kynna Úlfar og X. Aðspurður um framburð Úlfars hjá lögreglu um aðkomu Björgvins og að Björgvin hafi komið öllum upplýsingum til Úlfars, kvað Björgvin það ekki vera rétt. Björgvin kvaðst enga milligöngu hafa haft um neitt varðandi það að bera eitthvað á milli. Þá hafi Björgvin engar skýringar á framburði Úlfars um að Björgvin hafi komið fyrirmælum til Úlfars. Þá segir hann rangt hjá Úlfari að Björgvin hafi sagt honum að best væri að fara til Groningen í Hollandi og að Úlfar hafi farið yfir leiðbeiningarnar að Björgvini viðstöddum. Björgvin kvaðst ekkert hafa vitað um tegund efnis, magn eða hvar átti að kaupa efnið. Björgvin hafi heldur ekki átt að fá neitt í sinn hlut. Björgvin kvað aðspurður að Úlfar hafi vitað í upphafi að Björgvin þekkti ákveðinn einstakling og Úlfar hafi beðið sig um að koma sér í samband við þann ákveðna mann, sem Björgvin hafi gert. Úlfar hafi heyrt af þeim manni og viljað komast í samband við hann. Björgvin hafi hringt í hann og síðan ekið Úlfari þangað.

Bjarki Freyr Sigurðsson rannsóknarlögreglumaður kom fyrir dóminn og kvaðst hafa stýrt rannsókn málsins. Kvað hann ákærða í upphafi hafa reynt að taka sökina á sig einan en í annarri eða þriðju skýrslutökunni hafi hann skýrt að hluta frá aðild meðákærða Björgvins. Í skýrslutöku þann 5. apríl sl. hafi ákærði Úlfar skýrt skilmerkilega frá atvikum en þá hafi ákærði verið laus úr einangrun í nokkrar vikur. Kvað Bjarki ekkert hafa komið fram, né nokkur ástæða vera til að efast um að ákærði segði ekki satt og rétt frá hjá lögreglunni.

Önnur rannsóknargögn.

Í matsgerð Rannsóknastofu Háskóla Íslands í lyfja- og eiturefnafræði frá 18. febrúar sl., sem liggur fyrir í málinu, segir að tvö sýni hafi verið send til tæknirannsóknar. Í fyrri sýninu mældist styrkur amfetamínbasa 57%, sem samsvari 78% af amfetamínsúlfati. Í öðru sýninu mældist styrkur amfetamínbasa 62%, sem samsvari 84% af amfetamínsúlfati.

Í annarri matsgerð frá sömu stofnun, dagsettri 7. mars 2013, sem er í gögnum málsins, segir að neyslustyrkleiki kókaíns hér á landi hafi ekki verið rannsakaður sérstaklega. Vitað sé að neyslustyrkleiki fíkniefna geti verið breytilegur frá einu landi til annars, frá ári til árs og jafnvel milli borga í sama landi. Í útreikningum hér sé gengið út frá nýjustu tölum um neyslustyrkleika kókaíns í Danmörku, en hann hafi verið að meðaltali 22% á landsvísu árið 2011. Í því samhengi sé rétt að benda á að mikill breytileiki hafi verið í neyslustyrkleika kókaíns í Danmörku frá aldamótum, hæstur hafi hann verið 48% árið 2001 og lægstur 18% árið 2009. Þá segir að úr 283,29 g af dufti sem innihaldi 88% kókaín sé hægt að framleiða 1133 g af kókaíni, miðað við 22% styrkleika. Gengið sé út frá því að efnið sé þynnt með óvirku dufti, eins og t.d. laktósa, og ekkert fari til spillis í aðgerðinni.

Niðurstöður.

Ákærðu Úlfari og Björgvin er gefið að sök að hafa staðið saman að innflutningi á samtals 2.388,50 g af amfetamíni sem hægt var að framleiða rúmlega tólf kíló af efni úr miðað við meðalstyrkleika 5,8% þann 26. janúar 2013. Ákærði Úlfar játaði aðild sína strax hjá lögreglu. Teknar voru fjórar skýrslur af ákærða Úlfari hjá lögreglu og lýsti ákærði ferð sinni í fyrstu skýrslunni sem skyndiákvörðun en ákærði Björgvin hafi greitt fyrir sig flugmiðann þar sem vísakort sitt væri í bankanum. Í annarri skýrslunni lýsti hann ferðalagi sínu og kom með ýmsar skýringar á því reiðufé sem hann fór með til kaupa á fíkniefnunum. Í þriðju skýrslunni lýsti hann því svo að poki með umslagi hafi verið settur á hurðarhúninn heima hjá honum með leiðbeiningum og peningum í en í lok skýrslunnar kvað hann það vera rangt hjá sér, gögnin hafi ekki borist þannig en hann vildi ekki segja frekar frá því. Var ákærði Úlfar í einangrun þegar þessar skýrslur voru teknar. Í síðustu skýrslunni, þann 5. apríl sl., lýsti hann ferðalagi sínu í megindrátum á sama hátt og í fyrri skýrslum og lýsti einnig aðkomu ákærða Björgvins. Kvað hann þar rétt vera að Björgvin hafi verið milligöngumaður en þeir byrjað að ræða ferðina um jólaleytið. Björgvin hafi verið tengiliður, hann hafi ætlað að sækja sig út á flugvöll þegar hann kæmi heim, hann hafi sótt umslagið með peningunum, leiðbeiningum og síma heim til Björgvins og þeir rætt ferð hans til Groningen en Björgvin hafi sagt að best væri að fara þangað. Berlín hafi orðið fyrir valinu þar sem ódýrt flug hafi fundist þangað og síðan hafi hann tekið lest til Hollands.

Fyrir dóminum lýsti ákærði Úlfar aðdraganda ferðarinnar á sama hátt og fyrir lögreglu og hvernig ákærði Björgvin hafi komið að málinu í upphafi, en hann hafi beðið meðákærða að láta það berast að ákærði Úlfar væri til í að fara í slíka ferð. Það hafi blundað í honum frá því hann „féll“ að fara svona ferð. Þá lýsti hann því fyrir dóminum að meðákærði Björgvin hafi látið sig vita að X vildi hitta ákærða og meðákærði ekið sér til X í eitthvert hús í Reykjavík þar sem ákærði Úlfar hafi rætt fyrirhugaða ferð en meðákærði hafi farið á meðan en sótt sig svo aftur til X. Vildi ákærði ekki upplýsa hver sá maður væri en kvað þessar upplýsingar aldrei hafa komið fram áður. Fyrir lögreglu þann 4. apríl sl. lýsti Björgvin því að hann hafi ekið Úlfari til X og þeir átt fund saman. Þann 5. apríl, þegar sá framburður Björgvins var borin undir Úlfar, kannaðist Úlfar ekkert við það. Skömmu áður en ákærði fór út hafi umslag með leiðbeiningum og fl. komið til ákærða Björgvins sem ákærði hafi sótt þangað. Ákærði kvaðst hafa beðið X um að koma upplýsingum til meðákærða en ekki heim til sín. Fyrir dóminum kvaðst ákærði Úlfar hafa opnað pokann heima hjá meðákærða og litið í hann en ekki hafa skoðað miðann og fyrirmælin heima hjá Björgvin og ekki muna hvort hann hafi rætt þau við hann en ákærði Björgvin hafi vel vitað um hvað málið snerist. Þá sagði ákærði Úlfar fyrir dóminum að ákærði Björgvin hafi latt hann til ferðarinnar. Fyrir dóminum dró ákærði Úlfar úr þætti ákærða Björgvins og sagði framburð sinn hjá lögreglu vera þvælu og eitthvert rugl. Ákærði Úlfar hafi ekki farið yfir ferðatilhögun með ákærða Björgvini áður en hann fór en Björgvin hafi vitað að hann færi til Groningen. Ákærði kvaðst hafa átt að fá um 20% af andvirði efnanna í sinn hlut, eða tvær til þrjár milljónir, en hann hafi átt að koma með tvö til þrjú kíló af amfetamíni til landsins. Þá hafi meðákærði Björgvin ætlað að sækja sig á flugvöllinn við komuna til landsins. Þá lýsti ákærði Úlfar því að peningur fyrir endurgreiðslu á flugmiðanum hafi verið aðskilinn í umslaginu. Ákærði kvaðst hafa nánast neytt meðákærða Björgvin til að taka þátt í þessu með sér.

Ákærði Úlfar játaði sinn þátt fyrir lögreglu og dóminum og er játning hans í samræmi við gögn málsins. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi en hún er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði játaði fyrir lögreglu og dóminum ákærulið II og er sú játning í samræmi við önnur gögn málsins. Verður ákærði sakfelldur fyrir þá háttsemi en hún er réttilega heimfærð til refsíákvæða.

Ákærði Björgvin er sakaður um að hafa haft milligöngu um ferð ákærða Úlfars, veitt honum leiðbeiningar um ferðatilhögun og fyrirmæli um innflutning efnanna, afhent honum umslag með farsíma og reiðufé og greitt farmiða hans með greiðslukorti sínu. Ákæri Björgvin neitaði sök hjá lögreglu og fyrir dóminum en játaði að hann hafi komið á sambandi milli X og Úlfars, sem hann vildi ekki nafngreina. Kvaðst ákærði Björgvin, fyrir dóminum, hafa hringt í X og ekið ákærða Úlfari til hans. Þessi maður hafi síðan birst hjá sér með umslag og beðið sig um að koma því til Úlfars. Kemur þetta heim og saman við framburð ákærða Úlfars um tilurð umslagsins utan að frásögn ákærða Úlfars um það hvers vegna umslagið barst ákærða Björgvini er ruglingsleg og ótrúverðug, enda varð hann margsaga um það. Ákærði Björgvin sagði hjá lögreglu að hann hafi haft grun um það hvað væri í umslaginu, sími, peningar o.fl., þegar ákærði Úlfar sótti það til sín. Ákærði kvaðst hafa lánað meðákærða greiðslukort sitt, þar sem kort meðákærða hafi verið í banka, en fengið endurgreitt daginn eftir. Er það í samræmi við framburð ákærða Úlfars,

en hann kvaðst hafa endurgreitt honum með peningum úr umslaginu, enda hafi hann ekki átt að leggja út neina fjármuni til ferðarinnar. Þá játaði ákærði Björgvin að hafa ekið ákærða Úlfari á flugvöllinn og ætlað að sækja hann aftur við heimkomu en ekki orðið af því.

Ákærði Úlfar lýsti því fyrir lögreglu að hann hafi kíkt í umslagið heima hjá ákærða Björgvin og þeir hafi rætt um það að ákærði færi til Groningen í Hollandi. Fyrir dóminum kvað ákærði Úlfar framburð sinn hjá lögreglu hafa verið bull og þvælu. Fyrir dóminum neitaði ákærði Björgvin þessu en sagðist vel hafa getið sér til um það hvað væri í umslaginu en hann viðurkenndi fyrir dóminum að umslagið hafi borist til sín. Hann hafi ekki haft aðra aðkomu að málinu en að afhenda meðákærða Úlfari það. Dómari hlustaði á upptökur á yfirheyrslum yfir ákærða Úlfari og var ekki að sjá neitt annað en að ákærði hafi verið yfirvegaður í framburði sínum og telur dómurinn framburð hans fyrir lögreglu trúverðugan um það atriði að hann hafi farið yfir ferðatilhögun og fengið fyrirmæli frá Björgvini, m.a. um að hlaða símann og meðferð á honum. Er framburður Úlfars fyrir dóminum í öllum veigamiklum atriðum í samræmi við framburð hans hjá lögreglu utan að fyrir dóminum reyndi ákærði Úlfar að gera lítið úr hlut ákærða Björgvins og lýsti því að Björgvin hafi latt sig til fararinnar. Er sá framburður nýtilkominn og í ósamræmi við önnur gögn og fyrri skýrslur ákærða fyrir lögreglu. Hvort sem ákærðu fóru yfir leiðbeiningarnar heima hjá Björgvini eða ekki, breytir það því ekki að dómurinn telur sannað að aðild ákærða Björgvins í verknadini hafi verið fullframin með því að hafa haft milligöngu um að koma ákærða Úlfari í samband við X, móttaka umslag með leiðbeiningum, peningum og fl. í þeim tilgangi að koma því til meðákærða Úlfars, veita honum leiðbeiningar um ferðatilhögun og fyrirmæli um innflutning efnanna, greiða fyrir hann flugmiða til Berlínar, aka honum út á flugvöll og ætla að sækja hann aftur, allt í þeim tilgangi að nálgast fíkniefni til innflutnings til Íslands í sölu- og dreifingarskygni. Þrátt fyrir neitun ákærða Björgvins, þegar lítið er heildstætt á málið, telur dómurinn lögfulla sönnun fram komna um að ákærðu hafi í sameiningu staðið að innflutningi ofangreindra fíkniefna, enda var þáttur hvors um sig nauðsynlegur í verknadini til að komast í samband við aðila erlendis, fjármagna kaupin og sækja þau. Verður ákærði Björgvin sakfelldur fyrir þá háttsemi sem honum er gefin að sök í ákæru. Er háttsemin réttilega heimfærð til refsíákvæðis og verður ákærði Björgvin sakfelldur fyrir þá háttsemi.

Ákvörðun refsingar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Úlfars hefur honum ekki verið gerð refsing áður. Ákærði játaði brot sitt fyrir lögreglu og dóminum en hefur neitað að upplýsa fyrir hvern hann fór í umrædda ferð. Brotið er framið í samvinnu við meðákærða Björgvin. Með vísan til styrkleika efnisins og dómaframkvæmdar telur dómurinn hæfilega refsingu ákærða vera fangelsi í tvö ár. Ákærði sýndi einbeittan ásetning til fararinnar og á sér engar málsbætur. Þykja því ekki skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna. Gæsluvarðhald er ákærði sætti frá 26. janúar til 5. apríl 2013 skal dragast frá refsingunni að fullri dagatölu.

Samkvæmt sakavottorði ákærða Björgvins var honum gerð refsing með sátt þann 18. mars 2008 fyrir brot gegn lögum um ávana- og fíkniefni. Ákærði á sér engar málsbætur. Hann kom ákærða í samband við þriðja mann sem samkvæmt framburði ákærðu hafi fjármagnað ferðina. Hann hafði milligöngu um að koma upplýsingum til meðákærða, greiddi fyrir hann flugmiða, ók honum á flugvöllinn

og hugðist sækja hann aftur við komu til landsins. Með þessu sýndi ákærði einbeittan ásetning um að fullfremja brotið enda nokkur aðdragandi að ferðinni. Telur dómurinn að þáttur ákærða Björgvins sé með þeim hætti að honum verði ekki gerð refsing sem hlutdeildarmanni. Þykir refsing ákærða Björgvins hæfilega ákveðin fangelsi í tvö ár. Ekki þykja skilyrði til að skilorðsbinda refsinguna.

Að þessum niðurstöðum fengnum ber samkvæmt 219. gr. laga nr. 88/2008 að dæma ákærðu til greiðslu alls sakarkostnaðar þannig: Ákærðu greiði in solidum sakarkostnað samkvæmt yfirliti, samtals 241.593 krónur.

Ákærði Björgvin greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hrl., 351.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði Úlfar greiði einnig málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Vilhjálmssonar hdl., 564.800 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti auk aksturskostnaðar, 111.360 krónur.

Upptæk eru gerð 2.413,80 g af amfetamíni.

Ástríður Grímsdóttir héraðsdómari kveður upp dóm þennan.

D ó m s o r ð :

Ákærði Úlfar Þór Birgisson Aspar skal sæta fangelsi í tvö ár. Gæsluvarðhald er ákærði sætti frá 26. janúar til 5. apríl 2013 skal dragast frá refsingunni að fullri dagatölu.

Ákærði Björgvin G. Hallgrímsson skal sæta fangelsi í tvö ár.

Ákærðu greiði in solidum sakarkostnað, 241.593 krónur.

Ákærði Björgvin greiði málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Jóns Magnússonar hrl., 351.400 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Ákærði Úlfar greiði einnig málsvarnarlaun skipaðs verjanda síns, Garðars Vilhjálmssonar hdl., 564.800 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og 111.360 krónur í ferðakostnað.

Upptæk eru gerð 2.413,80 g af amfetamíni.

Ástríður Grímsdóttir.

Rétt endurrit staðfestir

Héraðsdómur Reykjaness 15.11. 2013.